









Síðasta veiðiferðin.



Blessuð sé minning þeirra.

## *Moldun*

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hans Tomissöns – Hallgrímur Pétursson*

## *Blessun*

## *Eftirspil*

*Air / J. S. Bach*

Prestur: Sr. Guðbjörg Arnardóttir
Organisti: Jón Bjarnason
Kórsöngur: Félagar úr Karlakór Selfoss
Einsöngur: Gissur Páll Gissurarson
Umsjón: Fylgd

*Aðstandendur þakka innilega fyrir samúð og hlýhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í safnaðarheimili kirkjunnar að athöfn lokinni.*

Prentverk Selfoss



# *Bárður K. Vigfússon*

*Fæddur 10. apríl 1927*
*Dáinn 14. mars 2022*

*Útför frá Selfosskirkju*
*föstudaginn 25. mars 2022*

## *Forspil*

*Slá þú hjartans hörpustrengi / J. S. Bach*

## *Signing – Bæn*

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

*Þorkell Sigurbjörnsson – Kolbeinn Tumason*

## *Ritningarlestur*





Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

*Margrét Scheving – 23. Davíðssálmur*

## *Guðspjall*

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín,
yndislega sveitin mín,
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.

Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína,
þakkarklökkva kveðjugjörð,
kveð ég líf þitt, móðir jörð.
Móðir bæði mild og hörð
mig þú tak í arma þína.
Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína.

*Bjarni Þorsteinsson – Sigurður Jónsson frá Arnarvatni*







## *Minningarorð*

## *Einsöngur*

*Ave María / Sigvaldi Kaldalóns - Indriði Einarsson*

## *Bæn*

## *Einsöngur*

*Næturljóð / F. Chopin - Jón frá Ljárskógum*

## *Faðir vor*

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Foersom – Sveinbjörn Egilsson*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Foersom – Matthías Jochumsson*